

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða).

(Eftir 2. umræðu, 24. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: skulu hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði.
- b. Í stað orðsins „markaðurinn“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: skipulegur markaður.
- c. Á eftir 1. másl. 3. mgr. koma tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Að því viðbættu er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 5% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5., 6., 8. og 9. tölul. 1. mgr. og verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF). Með markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) er átt við markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum, sem rekið er á grundvelli leyfis frá Fjármálaeftirlitinu.

2. gr.

Við a-lið 1. mgr. 36. gr. a laganna bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Að því viðbættu er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 5% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.